

Sveitarfélagið Árborg

Ársreikningur  
2025

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

Kt. 650598-2029

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11 - 33
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar - óendurskoðaðar upplýsingar .....	34

## Skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 22.818 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 20.690 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,48% en lögbundið hámark þess er 0,625% með álagi, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 1.497 millj. kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir 67 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 620 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 525 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2025 nam 8.354 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta var um 1.338 millj. kr.

Laun, launatengd gjöld og breytingar lífeyrisskuldbindinga á árinu námu alls 11.612 millj. kr. og fjöldi stöðugilda í árslok voru 860.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2025 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Samkvæmt bestu vitneskju bæjarstjóra og bæjarráðs er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu A-hluta og samstæðurnar í heild, og að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarráðs komi fram þær upplýsingar sem krafist er.


Bæjarstjóri og bæjarráð staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Selfossi, 22 / 04 2026

Bæjarstjóri:





Bæjarráð:



Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2025 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Selfossi, 06 / 05 2026

Bæjarstjórn:



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bæjarstjórnar sveitarfélagsins Árborg

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Árborg fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar. Ársreikningurinn innifelur reikningskil A-hluta og samstæðureikning A- og B-hluta.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu A-hluta og samstæðunnar á árinu 2025, efnahag 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til bæjarstjórnar.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar
- Rekstrarreikning ársins 2025.
- Efnahagsreikning 31. desember 2025.
- Sjóðstreymisyfirlit 2025.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar, yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar eru undans kilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

### Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðaregla sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2025, í skýringu 20.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2025. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

### **Lykilatriði endurskoðunarinnar**

Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding A og B hluta Sveitarfélagsins Árborgar er 4.007 milljónir króna í árslok 2025 eða 9,9% af efnahag samstæðunnar.

Mat stjórnenda á fjárhæð lífeyrisskuldbindingar er lykilþáttur í endurskoðun okkar þar sem um er að ræða lið sem byggir á mati auk þess er um verulegan lið reikningsskila A og B hluta sveitarfélagsins að ræða.

Lífeyrisskuldbindingin er færð miðað við núvirði áætlaðra greiðslna til framtíðar. Stjórnendur byggja mat sitt á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar sem framkvæmd var miðað við lok árs 2025. Breyting skuldbindingarinnar á árinu er færð í rekstrarreikning.

Sjá nánar skýringu 3.I. um reikningsskilaaðferðir og skýringu 15 um lífeyrisskuldbindingar.

### **Endurskoðunaraðgerðir**

Stjórnendur Sveitarfélagsins Árborg fengu aðstoð utanaðkomandi tryggingastærðfræðings til að reikna áfallna lífeyrisskuldbindingu í árslok.

Endurskoðun okkar á mati lífeyrisskuldbindingar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:  
- niðurstöður tryggingastærðfræðingsins voru yfirfarnar og mat lagt á hæfni og óhæði hans.

- niðurstöður tryggingastærðfræðings voru bornar saman við væntingar um stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar miðað við þekktar stærðir s.s. launaþróun og eignastöðu lífeyrissjóða.

- framkvæmd var úrtaksprófun til að sannreyna tilvist lífeyrisþega.

- reikningshaldsleg meðhöndlun lífeyrisskuldbindinga í ársreikningi var borin saman við settar reikningsskilareglur.

### **Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar**

Bæjarstjórn, bæjarráð og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar, skýring nr. 23 Lykiltölur, yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar sem birtar eru með ársreikningum og lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikninginn nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Sveitarfélagið birtir ekki skýrslu stjórnar í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006, þar af leiðandi höfum við ekki yfirfarið slíka skýrslu í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

### **Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum**

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélga, lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### **Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallarþing eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu gu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirliti sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan sveitarfélagsins og gefum út álit á ársreikningnum. Við erum ábyrgð fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar sveitarfélagsins. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við bæjarstjórn að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

### **Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna**

#### *Kosning endurskoðanda*

Við vorum kosin endurskoðendur sveitarfélagsins vegna endurskoðunar ársins 2003 og höfum við verið endurskoðendur bæjarfélagsins síðan eða í samfelld 23 ár.

Árborg, 6. maí 2026.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Bryndís Björk Guðjónsdóttir  
löggiiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....		12.849.675	12.319.318	11.918.405	12.786.489	12.263.234	11.860.480
Framlög Jöfnunarsjóðs .....		4.769.633	4.211.290	4.010.544	4.769.633	4.211.290	4.010.544
Aðrar tekjur .....		3.070.897	2.534.482	4.260.135	5.261.804	4.610.109	6.859.347
	4	<u>20.690.206</u>	<u>19.065.090</u>	<u>20.189.084</u>	<u>22.817.926</u>	<u>21.084.633</u>	<u>22.730.371</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	11.060.479	10.740.740	9.945.326	11.381.261	11.080.953	10.244.202
Lífeyrisskuldbinding, hækkun .....	15	551.838	217.955	257.168	566.227	231.770	273.967
Annar rekstrarkostnaður .....		6.297.795	6.415.408	5.907.841	6.893.880	6.956.544	6.379.411
		<u>17.910.112</u>	<u>17.374.103</u>	<u>16.110.335</u>	<u>18.841.367</u>	<u>18.269.268</u>	<u>16.897.580</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		2.780.094	1.690.987	4.078.749	3.976.559	2.815.366	5.832.791
Afskriftir .....	8	( 646.735 )	( 673.952 )	( 607.911 )	( 1.024.581 )	( 1.086.882 )	( 947.898 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		2.133.359	1.017.035	3.470.839	2.951.977	1.728.484	4.884.892
Fjármunatekjur og (fjárm.gjöld) ...	6	( 1.513.830 )	( 1.542.528 )	( 1.725.614 )	( 1.469.243 )	( 1.661.423 )	( 1.735.126 )
Tekjuskattur .....	16	0	0	0	13.966	0	( 53.184 )
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð)...</b>		<u>619.529</u>	<u>( 525.493 )</u>	<u>1.745.225</u>	<u>1.496.701</u>	<u>67.061</u>	<u>3.096.582</u>

Skýringar á bls. 10-33 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eignir</b>				
<b>A hluti</b>				
<b>A og B hluti</b>				
skýr.	2025	2024	2025	2024
<b>Fastafjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir og lóðir .....	23.776.368	22.705.570	24.216.792	23.153.390
Byggingarland, veitu- og gatnakerfi .....	1.503.162	1.224.816	8.409.445	7.485.115
Áhöld og tæki .....	535.249	430.021	642.853	526.324
8	<u>25.814.779</u>	<u>24.360.407</u>	<u>33.269.089</u>	<u>31.164.829</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í félögum .....	9 398.527	375.638	398.063	375.174
Langtímakröfur .....	11 456.693	461.336	456.693	461.336
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	12 351.958	370.428	351.958	370.428
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11 139.296	142.521	0	0
	<u>1.346.474</u>	<u>1.349.922</u>	<u>1.206.714</u>	<u>1.206.937</u>
Fastafjármunir	<u>27.161.253</u>	<u>25.710.329</u>	<u>34.475.804</u>	<u>32.371.767</u>
<b>Veltufjármunir</b>				
Birgðir .....	3i 0	0	32.010	53.951
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur .....	13 2.139.510	1.781.596	2.334.572	1.967.469
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	2 2.398.361	2.064.549	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	12 18.564	18.560	18.564	18.560
Aðrar skammtímakröfur .....	372.604	842.102	410.323	857.446
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	11 8.501	6.646	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	11 478	442	478	442
Handbært fé .....	3k 3.232.104	2.235.794	3.287.247	2.333.147
Veltufjármunir	<u>8.170.122</u>	<u>6.949.689</u>	<u>6.083.195</u>	<u>5.231.016</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>35.331.375</u>	<u>32.660.018</u>	<u>40.558.999</u>	<u>37.602.783</u>

Skýringar á bls. 10-33 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

### Eigið fé og skuldir

skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2025	2024	2025	2024	
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	14	1.337.512	( 386.907 )	8.354.133	5.752.542
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	15	3.644.426	3.380.292	3.758.927	3.490.714
Tekjuskattskuldbinding .....	16	0	0	281.740	295.707
		3.644.426	3.380.292	4.040.667	3.786.421
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	17	19.733.816	18.974.408	22.346.364	21.533.903
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		18.462	2.635	18.462	2.635
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	2	5.468.359	4.681.774	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	17	2.372.527	3.448.495	2.639.117	3.685.686
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindinga .....	15	236.924	199.755	247.962	214.524
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	3o	13.286	10.417	13.286	10.417
Viðskiptaskuldir .....		651.673	513.895	892.472	626.587
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.854.388	1.835.254	2.006.535	1.990.068
		10.615.620	10.692.225	5.817.834	6.529.917
Skuldir og skuldbindingar samtals		33.993.863	33.046.924	32.204.866	31.850.241
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>35.331.375</b>	<b>32.660.018</b>	<b>40.558.999</b>	<b>37.602.783</b>

Aðrar upplýsingar ..... 7, 10,18-23

Skýringar á bls. 10-33 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit 2025

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	14	619.529	( 525.493 )	1.745.225	1.496.701	67.061	3.096.582
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	646.735	673.952	607.911	1.024.581	1.086.881	947.898
Verðbætur .....		832.683	796.495	990.787	942.259	928.067	1.125.295
Byggingarréttur .....		( 369.282 )	( 260.000 )	( 57.623 )	( 369.282 )	( 260.000 )	( 57.623 )
Söluhagnaður .....		( 685 )	0	( 856 )	( 685 )	0	( 856 )
Tekjuskattur, breyting .....	16	0	0	0	( 13.966 )	0	53.184
Breyting líffeyrissskuldbindinga .....	15	551.838	217.955	257.168	566.227	231.770	273.967
Sala á landi .....		0	0	(1.201.544)	0	0	(1.201.544)
Veltufé frá rekstri		2.280.818	902.909	2.341.067	3.645.835	2.053.779	4.236.904
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	18.365	17.822	18.560	18.365	17.822	18.560
Birgðir, breyting .....		0	0	0	21.941	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		( 340.854 )	0	( 316.307 )	( 350.042 )	0	( 342.520 )
Aðrar skammt.kröfur, breyting .....		474.004	0	465.883	451.629	0	478.496
Skammtímaskuldir, breyting .....		217.496	0	343.822	342.936	0	215.188
Greiðslur v. líffeyrissskuldbindinga ...	15	( 251.928 )	( 187.555 )	( 193.763 )	( 265.971 )	( 201.378 )	( 210.049 )
		117.082	( 169.733 )	318.195	218.857	( 183.556 )	159.675
Handbært fé frá rekstri		2.397.901	733.176	2.659.262	3.864.691	1.870.223	4.396.580
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm. ...		(1.229.136)	(1.373.733)	(1.673.635)	(2.256.870)	(2.451.733)	(2.654.571)
Söluverð lands, rekstrarfjármuna ....		1.010	550.000	1.213.668	1.010	550.000	1.213.668
Gatnagerðargjöld .....		174.104	390.000	50.834	174.104	390.000	50.834
Byggingarréttur .....		369.282	260.000	57.623	369.282	260.000	57.623
Eignarhlutir, breyting .....		( 22.890 )	0	( 7.477 )	( 22.890 )	0	( 7.477 )
Langtímakröfur, breyting .....		14.167	5.884	( 205.950 )	14.167	5.884	( 205.950 )
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki br...		6.822	0	0	6.822	0	0
Aðrir liðir.....		( 19.849 )	0	0	( 19.849 )	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 706.491 )	( 167.849 )	( 564.937 )	(1.734.225)	(1.245.849)	(1.545.873)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Skuldir við lánast., breyting .....		15.827	0	1.937	15.827	0	1.937
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja br. ...		452.773	813.759	694.872	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....	17	1.225.000	1.721.040	1.169.241	1.450.000	2.721.040	1.375.241
Afborganir langtímalána .....	17	(2.394.035)	(3.558.293)	(2.178.732)	(2.640.707)	(3.804.798)	(2.408.821)
Aðrir liðir .....		5.335	0	2.924	5.335	0	2.924
Fjármögnunarhreyfingar		( 695.100 )	(1.023.494)	( 309.758 )	(1.176.366)	(1.083.758)	(1.028.719)
<b>Hækkun, (lækkun) á handbæru fé</b>		996.310	( 458.167 )	1.784.568	954.100	( 459.385 )	1.821.988
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		2.235.794	1.512.412	451.226	2.333.147	1.593.314	511.159
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		3.232.104	1.054.245	2.235.794	3.287.247	1.133.929	2.333.147

Skýringar á bls. 10-33 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings.

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Sveitarfélagið Árborg er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 12.671 þann 1. janúar 2026. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurvegi 2 á Selfossi.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hlutdeild í samstarfsverkefnum og er gert grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögðuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Þjónustustöð og Fasteignafélag Árborgar slf. og ehf. og Verktækni ehf., auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Byggingasjóður aldraðra, fráveita, vatnsveita, Selfossveitur bs. og Sandvíkursetur ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Lóðir og lendur eru þó færðar á gangvirði í árslok. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu, auk þess eru reiknaðir vextir á viðskiptastöðum milli sjóða.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrar útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d lið. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð í verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Varanlegir rekstrarfjármunir í byggingu eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Eignirnar eru ekki í notkun og eru því ekki afskrifaðar. Þegar þær verða teknar í notkun færast þær undir varanlega rekstrarfjármuni og eru afskrifaðar miðað við greiningu hér að neðan.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigusgreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Sveitarfélagið Árborg er með nokkra minniháttar rekstrarleigusamninga og skuldbinding vegna þeirra er óveruleg.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	40 ár
Veitukerfi .....	10 - 40 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	5 - 25 ár

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

#### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.

#### h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### i. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði.

#### j. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2025. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 15. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### m. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjorsdegi.

#### n. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### o. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur samkvæmt efnahagsreikningi er hlutdeild sveitarfélagsins í fyrirfram innheimtum tekjum samstarfsverkefna.

#### p. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 19.

#### q. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 24.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>Útsvar og fasteignaskattar:</b>						
Útsvar .....	10.148.733	9.744.634	10.047.190	10.148.733	9.744.634	10.047.190
Fasteignaskattur .....	2.328.728	2.248.986	1.533.539	2.265.542	2.192.902	1.475.614
Lóðarleiga .....	372.214	325.698	337.676	372.214	325.698	337.676
	12.849.675	12.319.318	11.918.405	12.786.489	12.263.234	11.860.480
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Útgjaldaframlag.....	596.532	427.288	555.503	596.532	427.288	555.503
Framlag v. nýbúa.....	43.323	230.904	44.587	43.323	230.904	44.587
Framlag vegna grunnskóla..	782.740	748.918	804.113	782.740	748.918	804.113
Framlag v. fasteignaskatts..	417.812	272.376	257.930	417.812	272.376	257.930
Tekjujöfnunarframlag.....	212.116	143.263	129.788	212.116	143.263	129.788
Framlag vegna fatlaðra.....	593.543	905.529	467.589	593.543	905.529	467.589
Framl. v. sérþjón. fatlaðra...	110.621	0	89.166	110.621	0	89.166
Framlög v. fatlaðs fólks.....	1.807.685	1.426.123	1.553.920	1.807.685	1.426.123	1.553.920
Framl. efling tónlistarnáms.	11.254	0	19.424	11.254	0	19.424
Samþættingarframlag.....	33.060	56.889	30.234	33.060	56.889	30.234
Framlag v. skólamáltíða.....	133.007	0	58.291	133.007	0	58.291
Fjárhagserfiðleikaframlag....	27.939	0	0	27.939	0	0
	4.769.633	4.211.290	4.010.544	4.769.633	4.211.290	4.010.544
Skatttekjur samtals.....	17.619.308	16.530.608	15.928.949	17.556.122	16.474.524	15.871.024
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	3.070.897	2.534.482	4.260.135	5.261.804	4.610.109	6.859.347
Rekstrartekjur samtals .....	20.690.206	19.065.090	20.189.084	22.817.926	21.084.633	22.730.371

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Laun .....	8.866.957	8.858.674	7.981.726	9.123.628	9.134.271	8.222.088
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	1.126.978	976.239	1.014.745	1.161.998	1.012.410	1.047.381
Önnur launatengd gjöld .....	1.047.979	905.827	930.295	1.077.070	934.272	956.173
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyriss....	18.564	0	18.560	18.564	0	18.560
Laun og launat. samtals .....	11.060.479	10.740.740	9.945.326	11.381.261	11.080.953	10.244.202
				<b>2025</b>	<b>2024</b>	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				1.166	1.075	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				860	785	
Ársverk.....				905	826*	
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra .....				26.040	29.129	
Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar.....				56.947	57.531	
Laun og launatengd gjöld bæjarráðs.....				17.144	19.203	
Mótframlag í lífeyrissjóð.....				1.161.998	1.047.381	
Laun og launatengd gjöld yfirstjórn.....				134.660	112.732	
Biðlaun.....				1.170	0	

\* Endurreiknað og uppfært frá fyrra ári.

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Vaxtatekjur og verðbætur ..	184.781	3.321	139.702	169.520	3.321	165.865
Arður af eignarhlutum.....	1.708	1.700	1.708	1.708	1.700	1.708
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 1.462.484 )	( 1.459.564 )	( 1.703.793 )	( 1.640.470 )	( 1.666.444 )	( 1.902.699 )
Vextir frá eigin ft.....	( 237.834 )	( 87.985 )	( 163.230 )	( 0 )	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.	( 1.513.830 )	( 1.542.528 )	( 1.725.614 )	( 1.469.243 )	( 1.661.423 )	( 1.735.126 )

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	16.565.242	15.524.097	14.995.186
Félagsþjónusta .....	( 2.759.099 )	( 2.678.754 )	( 2.347.416 )
Heilbrigðismál .....	( 53.999 )	( 55.577 )	( 51.393 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 9.169.300 )	( 9.380.595 )	( 8.179.862 )
Meningarmál .....	( 354.780 )	( 363.392 )	( 337.365 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 1.361.633 )	( 1.374.489 )	( 1.223.642 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 257.049 )	( 237.269 )	( 212.461 )
Hreinlætismál .....	( 2.555 )	( 28.090 )	24.209
Skipulags- og byggingarmál .....	( 480.352 )	( 475.000 )	( 423.937 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 731.844 )	( 536.370 )	( 579.596 )
Umhverfismál .....	( 319.940 )	( 255.598 )	( 286.076 )
Atvinnumál .....	( 25.531 )	( 53.641 )	( 30.761 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 702.490 )	( 680.332 )	( 701.184 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlög til A deildar Brúar .....	( 545.349 )	( 201.000 )	( 257.891 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 216.529 )	( 432.000 )	( 199.676 )
Aðalsjóður samtals .....	( 415.207 )	( 1.228.011 )	188.136
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	1.549.661	1.360.111	2.231.230
Þjónustumiðstöð .....	( 137.407 )	( 100.815 )	( 101.185 )
Fasteignafélag Árborgar .....	( 657.291 )	( 616.509 )	( 868.468 )
Verktækni ehf. ....	( 3.083 )	( 4.743 )	( 4.003 )
Samstarfsverkefni A hluta .....	282.856	64.474	299.515
A hluti samtals .....	619.529	( 525.493 )	1.745.225

## Skýringar, frh.:

### 7. Heildaryfirlit um rekstur, frh.

	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Byggingarsjóður aldraðra .....	( 21.309 )	( 4.686 )	( 15.472 )
Fráveita .....	479.794	283.375	679.416
Vatnsveita .....	506.131	357.313	661.090
Selfossveitur bs. ....	( 23.200 )	( 12.117 )	87.495
Sandvíkursetur ehf. ....	( 64.245 )	( 31.332 )	( 61.172 )
B hluti samtals .....	877.171	592.553	1.351.357
A og B hluti .....	1.496.701	67.061	3.096.582

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Bygg.land og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
<b>A hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2025 .....	28.094.120	1.679.900	1.364.924	31.138.945
Endurmat lóða og lendna .....	1.040.293	0	0	1.040.293
Keypt á árinu .....	511.797	345.049	198.186	1.055.032
Selt á árinu .....	0	0	( 325 )	( 325 )
Áhrif breytinga á hlutfalli samstarfsverkefna.....	3.297	0	2.811	6.107
Heildarverð 31.12.2025 .....	29.649.507	2.024.949	1.565.596	33.240.052
Afskrifað 1.1.2025 .....	( 5.388.550 )	( 455.084 )	( 934.904 )	( 6.778.538 )
Afskrifað á árinu .....	( 484.590 )	( 66.703 )	( 95.443 )	( 646.735 )
Afskrifað samtals 31.12.2025 .....	( 5.873.140 )	( 521.787 )	( 1.030.346 )	( 7.425.273 )
Bókfært verð 1.1.2025 .....	22.705.570	1.224.816	430.021	24.360.407
Bókfært verð 31.12.2025 .....	23.776.367	1.503.162	535.249	25.814.779
Afskriftarhlutföll .....	0-10%	10%	4-20%	
	Fasteignir og lóðir	Bygg.land, veitu- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
<b>A og B hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2025 .....	29.103.007	12.460.348	1.668.850	43.232.204
Endurmat lóða og lendna .....	1.040.293	0	0	1.040.293
Keypt á árinu .....	526.811	1.329.137	226.818	2.082.766
Selt á árinu.....	0	0	( 325 )	( 325 )
Áhrif breytinga á hlutfalli samstarfsverkefna.....	3.297	0	2.811	6.107
Heildarverð 31.12.2025 .....	30.673.407	13.789.485	1.898.153	46.361.046
Afskrifað 1.1.2025 .....	( 5.949.617 )	( 4.975.232 )	( 1.142.526 )	(12.067.375 )
Afskrifað á árinu .....	( 506.999 )	( 404.807 )	( 112.775 )	( 1.024.581 )
Afskrifað samtals 31.12.2025 .....	( 6.456.616 )	( 5.380.040 )	( 1.255.301 )	(13.091.956 )
Bókfært verð 1.1.2025 .....	23.153.390	7.485.116	526.324	31.164.829
Bókfært verð 31.12.2025 .....	24.216.791	8.409.446	642.852	33.269.089
Afskriftarhlutföll .....	0-10%	10%	4-20%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Mismunur við áætlun
<b>A hluti</b>			
<b>Fasteignir og önnur mannvirki</b>			
Stekkjaskóli.....	8.501	35.000	( 26.499 )
Grunnskóli í Björk 2. áfangi.....	44.746	50.000	( 5.254 )
Vallaskóli.....	66.532	71.000	( 4.468 )
Sunnulækjarskóli.....	11.572	15.000	( 3.428 )
Leikskólar.....	83.147	90.000	( 6.853 )
Sigtún 1, leikhús.....	14.168	15.000	( 832 )
Kennslusundlaug við Sundhöll.....	238	1.000	( 762 )
Hreinsistöð og búnaður.....	225.634	240.000	( 14.366 )
Hjúkrunarheimili.....	49	0	49
Ýmis fjárfestingarverkefni.....	14.712	15.000	( 288 )
Samstarfsverkefni hlutdeild.....	42.496	82.733	( 40.237 )
			0
Fasteignir og önnur mannvirki samtals.....	511.797	614.733	( 102.936 )
<b>Gatnakerfi</b>			
Gatnaframkvæmdir.....	519.152	560.000	( 40.848 )
Gatnagerðargjöld.....	( 174.104 )	( 390.000 )	215.896
Gatnakerfi samtals.....	345.049	170.000	175.049
<b>Áhöld og tæki</b>			
Stekkjaskóli lausabúnaður.....	39.730	54.000	( 14.270 )
Þjónustustöð tækjakaup.....	59.345	60.000	( 655 )
BES á Eyrarbakka.....	69.835	65.000	4.835
Saunaklefi Sundhöll Selfoss.....	7.989	19.500	( 11.511 )
Öryggismyndavélar.....	318	500	( 182 )
Samstarfsverkefni hlutdeild.....	20.969	0	20.969
	198.187	199.000	( 813 )
A hluti samtals.....	1.055.032	983.733	71.299
<b>B hluti</b>			
Fráveita.....	67.229	15.000	52.229
Vatnsveita.....	189.158	212.000	( 22.842 )
Selfossveitur.....	771.348	851.000	( 79.652 )
B hluti samtals.....	1.027.734	1.078.000	( 50.266 )
Samtals A og B hluti.....	2.082.767	2.061.733	21.034

Framkvæmdarkostnaður vegna fjárfestinga í nýjum gatnakerfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni.

Á meðal varanlegra rekstrarfjármuna eru rekstrarfjármunir í byggingu og verkefni í vinnslu að fjárhæð 1.493,1 millj. kr.

	2025
Verk í vinnslu vegna fjárfestinga 2025.....	1.493.059
Verk í vinnslu vegna fyrri ára.....	741.861
Samtals verk í vinnslu í árslok 2025.....	2.234.919

## Skýringar, frh.:

### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

